

## Ársfundur fulltrúaráðs Vestfjarðastofu 2023

Haldinn á Bíldudal 24.05.2023

Fundur settur kl. 12:00

Jóhanna Ösp Einarsdóttir setur fundinn og gerir tillögu um Halldór Halldórsson sem fundarstjóra. Samþykkt samhljóða.

Halldór tekur við stjórn fundarins og gerir tillögu að starfsmenn Vestfjarðastofu Sigurður Líndal Þórisson og Guðrún Anna Finnbogadóttir riti fundinn.

Engar athugasemdir berast og lítur fundarstjóri því svo á að tillögur séu samþykktar samhljóða.

Því næst er gengið til dagskrár.

### 1) Vestfjarðastofa – 2022, starfsmenn Vestfjarðastofu fara yfir helstu verkefni sín á árinu sem leið. Starfsmenn fluttu kynningar í eftirtalinni röð:

- a) **Guðrún Anna Finnbogadóttir**, sem fór yfir sín helstu verkefni, m.a. verkefni tengd Sjávarklasnum og lagareldi
- b) **Magnús Þór Bjarnason**, fór yfir sín helstu verkefni, m.a. fjárfestingaverkefni s.s. stúdentagarða og innviðagreiningar
- c) **Sigurður Líndal**, fór því næst yfir sín helstu verkefni, m.a. samstarfsverkefni innanlands og utan.
- d) **Agnes Arnardóttir**, fór svo yfir sín helstu verkefni, m.a. Brothættar byggðir
- e) **Skúli Gautason**, fór yfir sín helstu verkefni, þar á meðal verkefnisstjórnunar Áfram Árneshrepps og kynnti Barnamenningarhátíð Vestfjarða til sögunnar
- f) **Magnea Garðarsdóttir**, fór yfir sín helstu verkefni árið 2022, þá sérlega Sóknaráætlun og innri mál.
- g) **Aðalsteinn Óskarsson**, fór yfir hluta verkefna sinna á liðnu ári, þ.m.t. umsagnir um ýmis mál sem fyrir Alþingi liggja og fjölþætta hagsmunavörslu.
- h) **Sölvi Guðmundsson**, fór yfir málefni Markaðsstofu Vestfjarða, þ.m.t. Vestfjarðaleiðina, kynningarmál og InWest síðuna sem hugsuð er til að laða fjárfesta til fjórðungsins.
- i) **Steinunn Ása Sigurðardóttir**, fór yfir sín helstu verkefni á liðnu ári, þá sérstaklega fyrsta Ungmennanæing Vestfjarða.

Að því loknu býður fundarstjóri Aðalstein Óskarsson aftur velkominn í pontu. Aðalsteinn þakkar Agnesi Arnardóttur fyrir sín góðu störf, en hún lætur nú af störfum hjá Vestfjarðastofu. Agnes þakkar auðsýnda velvild í sinn garð.

**Fundarstjóri þakkar starfsmönnum Vestfjarðastofu fyrir greinagóðar kynningar og gerir því næst stutt kaffihlé og boðar að fundur hefjist á ný 12.45.**

**Að hléi loknu setur fundarstjóri fundinn að nýju og býður stjórnarformanni Vestfjarðastofu að gera grein fyrir störfum stjórnar á liðnu ári.**

### 2) Skýrsla stjórnar

*Jóhanna Ösp Einarsdóttir stjórnarformaður Vestfjarðastofu flytur starfsskýrslu stjórnar árið 2022.*

Jóhanna endar mál sitt á að minnst Aðalbjargar Óskarsdóttur, stjórnarkonu Vestfjarðarstofu, sem lést langt fyrir aldur fram fyrir skömmu.

Fundarstjóri óskar heimildar fundar til að liður 3 og 4 verði kynntir samhliða. Enginn hreyfir andmælum og skoðast sú tillaga samþykkt.

### 3) Staðfesting ársreiknings

*Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðamála fer yfir ársreikning Vestfjarðarstofu árið 2022.*

### 4) Fjárhags og starfsáætlun kynnt

*Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðamála fer yfir fjárhags- og starfsáætlun Vestfjarðarstofu árið 2023*

Fundarstjóri gefur orðið laust um ársreikning og fjárhags- og starfsáætlun. Engin kveður sér hljóðs. Því næst er ársreikningur borin upp til atkvæða. Samþykktur samhljóða.

Ekki hafa verið lagðar til breytingar á samþykktum eða staðfestingu á innri reglum Vestfjarðarstofu fyrir þetta þing.

### 5) Breytingar á samþykktum

Ekki hafa verið lagðar til breytingar á samþykktum eða staðfestingar á breyttum innri reglum Vestfjarðarstofu fyrir þetta þing. Þessi liður á dagskrá kemur því ekki til afgreiðslu.

### 6) Staðfesting á innri reglum Vestfjarðarstofu (á ekki við á þessu þingi)

Ekki hafa verið lagðar til breytingar á samþykktum eða staðfestingar á breyttum innri reglum Vestfjarðarstofu fyrir þetta þing. Þessi liður á dagskrá kemur því ekki til afgreiðslu.

### 7) Kosningar

- a) Staðfesting á kjöri stjórnarmanna atvinnulífs- og menningar  
Tillaga Sóknarhóps að stjórnarmönnum atvinnulífs og menningar.

#### **Aðalmenn:**

*Gauti Geirsson - Háafell*

*Halldór Halldórsson - Ískalk*

*Friðbjörg Matthíasdóttir – Gistihúsið við höfnina (Búbil ehf)*

*Elísabet Gunnarsdóttir – Kol og salt*

#### **Varamenn:**

*Jónas Heiðar Birgisson - Arnarlax*

*Lilja Sigurðardóttir – Fiskvinnslan Oddi*

*Sif Huld Albertsdóttir – Dokkan brugghús*

*Gunnþórunn Bender - Westfjords Adventures*

*Óttar Guðjónsson spyr hve margir sitji í stjórn Vestfjarðarstofu. Jóhanna Ösp svarar fyrir stjórnskipun stofunnar. María Maack spyr um muninn á Sóknarhópi og stjórn hlutverk sóknarhópsins. Fundarstjóri vísar í samþykktir Vestfjarðarstofu, þá sérstaklega 9. grein. Viktoría Rán Ólafsdóttir lýsir áhyggjum sínum af skörðum hlut Strandamanna í Sóknarhópi*

og stjórn Vestfjarðastofu. Bent er á að sveitarfélög sem ekki eiga sæti í stjórn Vestfjarðastofu hafa heimild til að óska eftir áheyrnarfulltrúa í stjórn sem bæði Kaldrananeshreppur og Strandabyggð hafa nýtt sér þessa heimild. Að undangengnum umræðum er tillaga Sóknarhóps borin undir atkvæði. Tillagan samþykkt með lófataki.

- b) Kjör nefnda og fagraða  
 Ekki eru kosnar nefndir eða fagrað á ársfundi 2022 og þessi liður kemur því ekki til afgreiðslu fundarins.
- c) Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis  
 Lagt er til að Endurskoðun Vestfjarða verði áfram endurskoðunarfyrtæki Vestfjarðastofu. Samþykkt samhljóða.
- d) Kjör starfsháttanefndar (Viktoría Rán Ólafsdóttir flytur tillögu þar um í gegnum fjarfundabúnaði  
 Tillaga að nýrri starfsháttanefnd næstu tvö ár:  
 Rebekka Hilmarsdóttir, formaður  
 Kristján Jón Guðmundsson  
 Viktoría Rán Ólafsdóttir

Samþykkt með lófataki.

**8) Ákvörðun um þóknun stjórnar, nefnda og fagraða**

Viktoría Rán Ólafsdóttir flytur tillögu þar um í gegnum fjarfundabúnað.

Þóknun stjórnar og nefnda		
Þingfararkaup	1,345,582	
		<b>Tillaga starfsháttanefndar VFS</b>
Formaður	9.0%	121,102
Aðrir fundir sem form. sækir	2.0%	26,912
Aðrir stjórnarmenn	4.5%	60,551
Formenn í fastanefndum eða starfshópum	4.5%	60,551
Fulltrúar í fastanefndum eða starfshópum	3.0%	40,367
Ferðakostnaður		
		Greitt fyrir allan akstur
		Laun pr. mán
		Annað pr. fund

Tekið er mið af þingfararkaupi frá 1. júlí 2022. Tillagan borin undir fundinn og hún samþykkt með lófataki.

**9) Önnur mál**

Fundarstjóri gefur orðið laust undir þessum lið.

Peter Weiss kveður sér hljóðs. Peter þakkar Vestfjarðastofu fyrir sín störf og samstarf stofunnar og Háskólaseturs.

Fundarstjóri þakkar Peter fyrir og gefur orðið laust. Fleiri kveða sér ekki hljóðs og fundarstjóri þakkar fundarmönnum fyrir góðan fund og gefur stjórnarformanni orðið.

Jóhanna Ösp tekur til máls og þakkar fundarmönnum samfylgdina. Jóhanna fagnar sérstaklega samþykkt fundarins á tillögum er að sóknarhópi komi. Jóhanna þakkar fráfarandi stjórnarmönnum sín störf, býður nýja stjórnarmenn velkomna til starfa. Jóhanna þakkar einnig starfsmönnum Vestfjarðastofu og fundarins unnin störf og slítur að því loknu fundi.

Fleira ekki gjört.

Fundi slitið 13.29